

32.tbl.

2.okt. 2024

31 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



Gamalt og nýtt

Ég hef tekið aftur við rekstri Dalakofans og fengið til liðs við mig
Eypór Kára og Sigurrós Birtu sem ætla að bera ábyrgð á daglegum rekstri.

Veitingastaðurinn er opinn frá 11:30 - 21:00 alla daga

Verslunin er opin frá 09:00 - 21:00 virka daga og 10:00 - 21:00 um helgar

Heimilismatur í hádeginu, hamborgarar, kjötsúpa og

pizzur eftir gömlu góðu uppskriftinni

Sjáumst í Dalakofanum,

-Halli Bó, Eypór Kári og Sigurrós Birta



Hlaupastelpan

Hlaupastelpan er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,
Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

Verðskrá:

Hálfsíðuauglýsing kr. 4.600.- m. vsk
heilsíðuauglýsing kr. 6.620.- m vsk.

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

UPPBYGGINGARSTÓÐUR

Ráðgjöf vegna Uppbyggingarsjóðs
í Pingeyjarsveit
7. október

Skútustaðir kl. 10:00-11:30 - Gígur
Laugar kl. 13:00 - 14:30 - Stjórnsýsluhús

Nánar á www.ssne.is



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS EYSTRA

Áföll og andleg heilsa



Þingeyjarsveit

Þekki ég mín bjargráð og eru þau mér gagnleg?

Heilsueflandi samfélag - Þingeyjarsveit býður

íbúum sveitarfélagsins upp á fræðsluerindi um

áföll og andlega heilsu. Bætt andleg heilsa eykur virkni fólks og vellíðan. Samfélagið allt hagnast á því að fólk kunni leiðir til að vinna úr áföllum og hlúa að andlegri heilsu sinni og annarra.

Erindi flytur Dína Ósk Óskarsdóttir, doktor í félagsráðgjöf og teymisstjóri stoðteymis starfsfólks Landsspítalans. Með þessu vill fjölskyldusvið Þingeyjarsveitar auka meðvitund um áföll og úrvinnslu þeirra og gefa íbúum fleiri bjargir til að hlúa að andlegri heilsu sinni. Erindið verður flutt á tveimur stöðum í sveitarfélaginu og fer fram í:

Skjólbrekku, miðvikudaginn 9. október kl. 19:30 – 21:00
Ýdölum, fimmtudaginn 10. október kl. 19:30 – 21:00

Fræðslan er opin öllum íbúum að kostnaðarlausu og er styrkt af Lýðheilsusjóði. Við vonumst til að sjá sem flesta.

Um Díönu Ósk Óskarsdóttur:

Dína Ósk hefur víðtæka menntun á sviði félagsráðgjafar og sál-gæslu og hefur lokið fjölda annarra námskeiða tengdum áföllum, samskiptum og innra lífi manneskjunnar, bæði héraendis og erlendis. Hún hefur hlotið sérhæfingu í vinnuvernd á sál-félagslegu sviði frá Vinnueftirlitinu og situr nú í Öryggisnefnd Landspítalans. Dína var vígð af Biskupi Íslands í mars 2018 og var sjúkrahúsprestur á barna- og kvennasviði og á geðsviði Landspítalans áður en hún hóf störf sem formaður Stuðningsteymis starfsfólks á Landspítala, þar sinnir hún m.a. faglegri handleiðslu, hún er stundarkennari við Háskóla Íslands og sinnir ýmsum athöfnum sem prestur.



Hver er fuglinn?